

L Ö G

100

27. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1957.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 28. febrúar 1957 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1956, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1957.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

AUGLÝSING

101

28. des.

um framlengingu á viðskipta- og greiðslusamningi milli Íslands og Rúmeníu.

Hinn 20. nóvember 1956 var undirritað í Búkarest samkomulag um framlengingu á viðskipta- og greiðslusamningi Íslands og Rúmeníu frá 13. apríl 1954 (Stj.tíð., A. 74 1954) óbreyttum til ársloka 1957. Jafnframt framlengist samningurinn um eitt ár í senn, nema annar hvor samningsaðilinn segi honum upp þrem mánuðum áður en gildistími er útrunninn.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 28. desember 1956.

Guðmundur Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.